

## Mál nr. 310/2009

M

og

Líftryggingafélagið X vegna sjúkdómatryggingar

### Ágreiningur um lækkun vátryggingafjárhæðar á árinu 2009.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.09. 2009.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M fékk sjúkdómatryggingu 1998. Á árinu 2009 greindist M með krabbamein og var fallist á greiðsluskyldu. Þegar verið var að ganga frá uppgjöri kom upp ágreiningur um bótafjárhæðina. Sá ágreiningur á rætur sínar að rekja til þess að í febrúar 2009 kom M á starfsstöð félagsins og bað um að vátryggingar hans og konu hans yrðu yfirfarnar og spurt var hvort hægt væri að lækka þær. Í framhaldi þessa áttu aðilar í samskiptum sbr. fyrirliggjandi gögn. Í mars 2009 var fallist á lækkun fjárhæðarinnar. Vátryggingafélagið vísar til þess að M hafi ritað undir eyðublað til lækkunar fjárhæðarinnar í mars 2009 og að hann hafi beðið um að hún myndi taka gildi 1. mars sl. og hafi félagið samþykkt það. Félagið telur að M hafi staðfest þennan vilja sinn með undirritun sinni 1. mars sl. sbr. fyrirliggjandi gögn. Í kjölfar þessa hafi farið fram bakfærsla á iðgjöldum sem þegar höfðu verið dregin af greiðslukorti hans. Í ljósi þessa hafi félagið greitt M bætur miðað við þá fjárhæð sem í gildi var á þeim tíma sem hann greindist með hinn bótaskylda sjúkdóm. M heldur því fram að lækkunin hafi átt að koma til síðar sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. Hann gagnrýnir vinnubrögð félagsins og talsvert ber í milli aðila.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er fallist á það sjónarmið vátryggingafélagsins að lækkun vátryggingafjárhæðarinnar hafi verið miðuð við 1. mars 2009. Fyrirliggjandi gögn og framkvæmd vátryggingafélagsins við bakfærslu iðgjalda styðja þá niðurstöðu. Gegn neitun vátryggingafélagsins hefur M ekki sýnt fram á réttmæti þeirra ávirðinga sem hann hefur sett fram í garð starfshátta félagsins.

#### Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á að ranglega hafi verið staðið að lækkun vátryggingafjárhæðar.

Reykjavík 13. október 2009

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.